

## Reglur um Endurmenntun atferlis-/hegðunarfræðinga – DRÖG

- Peir sem ljúka meistaranámi í hagnýtri atferlisgreiningu, eru búsettir á Íslandi og fá vottun sem klínískur atferlis-/hegðunarfræðingur hjá SATÍS þurfa að halda þekkingu sinni við með reglulegri endurmenntun.
- Annað hvert ár þarf klínískur atferlis-/hegðunarfræðingur að skila inn staðfestingu á að hafa lokið 32 endurmenntunareiningum. Þessum einingum skal safnað innan þeirra tveggja ára frá því síðast fór mat fram á endurmenntun viðkomandi umsækjanda. Ekki má geyma einingar frá fyrri árum.
- Atferlis-/hegðunarfræðingar senda inn yfirlit yfir endurmenntun sína. SATÍS hefur leyfi til að kalla eftir frumritum og ítarlegri upplýsingum um endurmenntun. Ef atferlis-/hegðunarfræðingur hefur ekki skilað inn yfirliti yfir endurmenntun 30 dögum frá tilsettum tíma er viðkomandi send áminning og endurmenntunarstaða merkt ófullnægjandi. Ef 6 mánuðir líða frá tilsettum tíma og SATÍS hefur ekki borist viðunandi skýring, er viðkomandi tekinn útaf lista SATÍS yfir klíníska atferlis-/hegðunarfræðinga.
- Ef atferlis-/hegðunarfræðingur hefur fallið af lista SATÍS, getur hann sótt um að komast á listann aftur. Viðkomandi fær 6 (?) mánuði til að skila inn portfolio til að sýna fram á færni til að starfa sem klínískur atferlisfræðingur. Námsmatsnefnd fer yfir portfolio með sömu viðmiðum og um nýjan umsækjanda væri að ræða.
- Endurmenntunareiningar geta fengist með fræðslu um alla þætti atferlisgreiningar: grunn- og hagnýtar rannsóknir, hagnýta vinnu, aðferðafræði, hugmyndafræði, handleiðslu og fleira. Endurmenntun sem tengist starfsumhverfi og skjólstaðingum atferlis-/hegðunarfræðinga en falla utan atferlisgreiningar má vera að hámarki 20% einingana sem skilað er.

Til þess að hægt sé að telja einingar þurfa þær að vera samþykktar af SATÍS. SATÍS mun samþykkja allar einingar sem hafa verið vottaðar af BACB eða önnur atferlisgreiningarfélög, t.d. EABA eða af klínískum atferlis-/hegðunarfræðingum sem hafa boðið upp á endurmenntunarviðburði, t.d. vinnusmiðjur eða fyrirlestra. Einnig verður hægt að fá metnar einingar fyrir endurmenntun sem varðar Ísland, t.d. ef um er að ræða fræðslu um sér íslensk lög sem hafa áhrif á störf atferlis-/hegðunarfræðinga. Staðfesting á þátttöku í slíku skal vera vottorð frá viðburðarhaldara. SATÍS áskilur sér rétt til þess að neita að samþykkja vottorð fyrir slíkan viðburð ef innihaldið samræmist ekki atferlisgreiningu (t.d. staðfestingu á þátttöku á fyrirlestri um aðferðir sem ekki teljast gagnreyndar).

Umsókn um skráningu og mat á endurmenntun skal senda á SATÍS og greiða tilskilin gjöld fyrir matið á tveggja ára fresti.

	Fræðsla	Staðfesting á þátttöku	Viðmið fyrir áunnar einingar?
Nám	Mæta á viðburði sem fjalla um atferlisgreiningu, sérfræðisvið eða starfsumhverfi	Staðfesting á þátttöku frá SATÍS eða viðburðarhaldara	25 minutes of learning = .5 CEU (i.e., 50 minutes of learning = 1 CEU)
Kennsla	Vera fyrirlesari á viðburðum sem haldnir eru eða eru viðurkenndir af SATÍS	Staðfesting frá SATÍS eða viðburðarhaldara	25 minutes of instruction = .5 CEU (i.e., 50 minutes of instruction = 1 CEU)
	Kenna í námskeiði um atferlisgreiningu á háskólastigi	Bréf frá formanni deildar	1 kennslustund = 1 eining
Fræðistörf	Gefa út grein um atferlisgreiningu í ritrýnt rit	Útgefin greinin í PDF skjali	1 publication = 8 CEUs
	Skrifa ritrýni eða bréf um niðurstöðu ritrýna í mati á grein fyrir ritrýnt tímarit um atferlisgreiningu	Staðfesting frá tímaritinu eða ritstjóra	1 review/ decision letter = 1 CEU

Tafla 1. Yfirlit yfir hvað og hversu mikið má telja til endurmenntunareininga.